

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu í skólum o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

- a. að heilsusamleg skilaboð fyrirmynda hangi upp í skólum og íþróttamannvirkjum í lok árs 2009,
- b. að allir leikskólar hafi fengið hvatningu og eða aðstoð í lok árs 2009 við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barna og starfsmanna þar sem komið verði á samstarfi við foreldra,
- c. að gefa út DVD-disk fyrir leikskóla með leikjum og æfingum til að auka hreyfingu meðal barna og að hann verði kominn í alla leikskóla landsins í lok árs 2009,
- d. að 30% leikskóla hafi sótt um viðurkenningu í lok árs 2009 um að þeir fari eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringaefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti,
- e. að allir grunnskólar hafi fengið hvatningu og eða aðstoð í lok árs 2009 við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni, þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna þar sem komið verði á samstarfi við foreldra- og nemendaráð,
- f. að 30% grunnskóla hafi sótt um viðurkenningu í lok árs 2009 um að þeir fari eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringaefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti?